


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	ENS 303	Kennsluáætlun vorönn 2014

Kennarar	Guðjón Ólafsson Ómar Kristinsson	Sk.st.	GÓL ÓKR
-----------------	-------------------------------------	---------------	------------

Áfangalýsing:

Áhersla er lögð á að nemendur verði betur læsir á flóknari texta en í undanfarandi áföngum og geti greint dýpri merkingu þeirra. Lesin verða bókmenntaverk, þ.á.m. ein óstytt skáldsaga (val milli tveggja). Lesnir verða textar tengdir menningu og þjóðlífi. Lögð er áhersla á að nemendur geti tjáð skoðanir sínar á skýran og rökrænan hátt í ræðu og riti. Farið verður ítarlega í uppbyggingu efnisgreina og ritgerða. Gert er ráð fyrir að nemendur kunni og geti beitt helstu grunnmálfræðireglum enskrar tungu við lok áfangans án þess þó að um skipulega málfræðikennslu sé að ræða.

Markmið:

- ☞ Að nemandi geti lesið flókna texta um margvísleg málefni
- ☞ Að nemandi geti túlkað texta og áttað sig á dýpri merkingu hans
- ☞ Að nemandi læri og tileinki sér aðferðir við ritun efnisgreina og ritgerða
- ☞ Að nemandi geti tjáð sig skipulega og skapandi í rituðu og töluðu máli
- ☞ Að nemandi þjálfist í að vinna sjálfstætt og í hóp
- ☞ Að nemandi þjálfist í notkun tengiorða og samheita og orðmyndun í rituðu máli

Námsgögn:

Echoes of English ENS 303 vor 2014 ; Fjölritað hefti, fæst á skrifstofu.


Annað itarefni frá kennara og / eða á Moodle.

Valbækur:

Ray Bradbury, *Fahrenheit 451* (allar óstyttar útgáfur)
Harper Lee, *To Kill a Mockingbird*, (allar óstyttar útgáfur)

Áætlun um yfirferð:

Vika	Almennt	Verkefni
2 8. jan. til 10. jan	Kynning áfanga og kennsluáætlunar.	
3 – 6 13. jan. til 7. feb.	Ritun: Undirbúningur ritgerðar. Farið yfir þann hluta heftis sem fjallar um samningu efnisgreina og ritgerða. Fjallað um heimildaskráningu.	Nemendur skila beinagrind að ritgerð (2,5%) og síðan grófu uppkasti með tékklista (2,5%) . Að lokum skila þeir fullunninni ritgerð sem byggð er á efnisyrðingu (thesis) og upp sett á hefðbundinn máta (15%) .

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2	ENS 303	Kennsluáætlun vorönn 2014

7 – 11 10. feb. til 14. mars	Skáldverk – skáldsaga: Lesin skáldsaga og unnið með hana, einstaklingsbundið og í hópum. Leshringir og hópavinna með hvorri bók um sig.	Munnlegt próf (10%), framsaga (12%) auk skriflegs verkefnis (8%) í lok lotunnar.
12 – 18 17. mars til 2. maí	Textar og orðmyndun: Unnið með texta og orðmyndun í textahefti. Skáldverk – smásaga : Smásagan “Bloodflowers” lesin og tímaverkefni unnið úr henni.	Ýmis verkefni unnin heima, í tímum eða á Moodle.

Vægi námsþátta:

Skáldverk	Skáldsaga: Munnlegt próf (10%), skriflegt verkefni (8%), framsöguverkefni (hópverkefni) (12%).	30%
	Smásaga: Verkefni	5%
Ritun	Ritgerð byggð á efnisyrdingu (15%). Skil á beinagrind = 2,5%, skil á uppkasti = 2,5%.	20%
Annað	Ýmis verkefni unnin heima og í tímum	5%
Skriflegt	Lokapróf úr textum og orðmyndun	40%
Samtals:		100%

Námsmat

Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir og halda sig innan þeirra marka sem kveðið er á um mætingu. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag nema annað sé tekið fram. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma þá lækkar einkunn um einn (1) fyrir hvern virkan dag sem líður.

Lágmarkseinkunn í áfanganum er 5 (þ.e. 45% til 54% markmiða náð).

Verði nemandi uppvís að ritstuldi við samningu ritgerða eða annarra verkefna fær hann einkunnina 0,0 fyrir viðkomandi verkefni. Endurtekin brot geta varðað brottvikningu úr áfanganum.

Réttur til breytinga áskilinn.

Dagsetning: 8. janúar 2014

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils